

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Smiðjuvegur 76. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 29. apríl 2025, breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvegur 68-76, fyrir lóðina nr. 76 við Smiðjuveg. Í breytingunni felst að komið verði fyrir 1.093 m² viðbyggingu við núverandi hús á lóðinni. Lóðarmörk breytast í samræmi við fyrirhugaða viðbyggingu og stækka til norðausturs og mörk skipulagssvæðis breytast einnig í samræmi við tillögu að lóðarstækkun. Lóðin stækkar úr 6.049 m² í 7.471,3 m², heildar byggingarmagn eykst úr 3.012,7 m² í 4.105.7 m² og nýtingarhlutfall eykst úr 0,50 í 0,55. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Dalsmári 1. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 10. júní 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. í viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals, útivistarsvæðis, fyrir lóðina nr. 1 við Dalsmára. Í breytingunni felst nýr byggingarreitur, um 19,7 m x 28,7 m að stærð, fyrir þrjár færanlegar kennslustofur. Fyrirhugaðar kennslustofur verða samtals 428 m² að stærð á einni hæð og tengdar saman með tengigangi. Hámarks þak- og vegghæð frá gólfí verður um 4,12 m. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 2. júlí 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 16. júlí 2025